

Fjölmennt á Akureyri

Úttekt

Guðmundur Engilbertsson
Halldóra Haraldsdóttir
Trausti Þorsteinsson



Maí 2010

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	2
Inngangur.....	4
Framhaldsfræðsla – Símenntun	5
Fjölmennt.....	8
Fjölmennt á Akureyri	10
Hvað hefur verið gert?.....	11
Aðferðir	13
Gögn	13
Niðurstöður.....	14
Stjórnun	14
Húsnæði.....	15
Námskeiðshald	15
Viðhorf og framtíðarsýn	19
Umræða – samantekt – mat á breytingum	22
Heimildaskrá.....	25

Helstu niðurstöður

- Styrkleikar Fjölmenntar felast m.a. í fjölbreyttu námskeiðsframboði og góðu starfsfólki. Aðlögun, jákvæðni og sveigjanleiki virðast einkenna Fjölmennt. Vel hefur tekist til með breytingar í starfseminni og í samstarfi SÍMEY og Fjölmenntar felast mörg tækifæri til að efla símenntun fyrir breiðan hóp samfélagsins.
- Meginveikleikar Fjölmenntar felast í húsnaði sem hentar ekki nægilega vel starfseminni auk þess sem samstarf SÍMEY og Fjölmenntar kallar á sameiginlega aðstöðu. Kostur þess væri ekki eingöngu stjórnunarlegs eðlis heldur leið til að stuðla að frekari samfélagsaðlögun.
- Hlutur núverandi deildarstjóra í að leiða breytingastarfið er þýðingarmikill. Hann hefur skapað tengslanet milli þeirra sem að málefnum fatlaðra koma, skoðað nýja og áhuga-verða möguleika á að bæta þjónustuna, laga námstækifæri að þörfum einstaklinga og leysa álitamál í samvinnu við hlutaðeigandi.
- Auðvelt hefur reynst að manna kennslu á námskeiðum Fjölmenntar og gott starfsfólk er talið meðal meginstyrkleika stofnunarinnar.
- Kennarar sakna umræðuvettvangs og Fjölmennt þyrfti að finna leiðir til að auka samstarf kennara og samræðu. Skilgreina þarf betur hlutverk og stöðu kennara og gera ráð fyrir samstarfi í samningum við þá.
- Áhugavert væri fyrir Fjölmennt að kanna það hjá markhópi sínum, þátttakendum á námskeiðum, aðstandendum þeirra og kennurum Fjölmenntar hvort æskilegt og mögulegt er að bjóða upp á símenntunarnámskeið allan ársins hring. Á sumrin mætti hugsa sér námskeið sem varða útivist, ræktun og sitthvað fleira.
- Almenn ánægja er með mismunandi lengd námskeiða og tímasetningar þeirra sem í flestum tilvikum þykja henta mjög vel.
- Upplýsinganet Fjölmenntar virðist þétt riðið og ná til allra sem vitað er um að eiga rétt á þjónustunni.
- Aðsókn á námskeið Fjölmenntar er mikil, sumir hafa sótt um allt að tíu námskeið en flestir þó mun færri. Viðmælendur lýstu því yfir að frekar væri vandi að velja á milli námskeiða en að velja námskeið. Flestir finna námskeið við sitt hæfi.
- Námskeiðin kosta meira en áður fyrr, þrátt fyrir að vera styttri. Margir geta sótt um styrki í krafti aðildar sinnar að verkalýðsfélagi en rétt er að benda á að ekki eru allir í verkalýðsfélagi. Mjög brýnt er að fylgjast með efnahagslegri stöðu skjólstaðinganna og tryggja öllum möguleika á að sækja námskeið því þau þykja eftirsóknarverð lífsgæði.
- Tengja mætti betur saman námskeið á vegum SÍMEY og Fjölmenntar til að opna fleirum leið inn í almenn námskeið. Bjóða mætti fötluðum upp á stuðning með námi og frekari aðlögun í námskeiðum SÍMEY. Þannig mætti stuðla að meiri samfélagsaðlögun þátttakenda.
- Stuðningur við einstaklinga til að taka bílpróf og jafnvel sækja vinnuvélanámskeið eru dæmi um námskeið sem geta verið lyftistöng fyrir fatlaða, styrkt möguleika þeirra á vinnumarkaði og stuðlað að aukinni sjálfsvirðingu. Slíkur stuðningur er dæmi um form þar sem ekki er beint boðið upp á námskeið heldur einstaklingsmiðaðan stuðning. Þessu

mætti lyfta betur upp í starfsemi Fjölmenntar þar sem þetta er ekki jafn gegnsætt og námskeiðin sem eru í boði.

- Taka þarf til frekari athugunar að mun meira er um það að fólk með þroskahömlun sækir námskeið en fólk með geðröskun. Æskilegt er að skoða afstöðu síðar nefnda hópsins til námsins og hugmyndir þeirra um símenntun.
- Í gegnum ráðgjafarhlutverk Fjölmenntar má samþætta fræðslu og ráðgjöf við notendur og stuðning við þá símenntunaraðila sem veita fræðslu.

Inngangur

Árið 2008 annaðist Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri úttekt á starfsemi Fjölmenntar á Akureyri. Megintilgangur þeirrar úttektar var að meta hvernig Fjölmennt hefði tekist að mæta þörfum fatlaðs fólks á Akureyri fyrir símenntun. Í skýrslu sem stofnunin skilaði til stjórnar Fjölmenntar voru gerðar ýmsar tillögur til umbóta í starfsemi stofnunarinnar. Meginniðurstöður skýrsluhöfunda voru að Fjölmennt þyrfti að vinna markvissar að því markmiði sínu að skipuleggja starfsemina þannig að hún verði í nánum tengslum og samstarfi við aðra skylda starfsemi á vettvangi fullorðinsfræðslu. Bent var á að Fjölmennt leitaði samstarfs við Símenntunarstofnun Eyjafjarðar (SÍMEY) og jafnframt yrði unnið að formbreytingum á starfseminni í þá veru að losa stofnunina úr hefðbundnu skólaformi og gera hana að símenntunarstofnun sem byði upp á stutt námskeið og meiri sveigjanleika.

Frá því að skýrslu Skólaþróunarsviðs HA var skilað til stjórnar Fjölmenntar hefur verið unnið að breytingum á starfseminni á Akureyri í samræmi við stefnu Fjölmenntar og niðurstöðu skýrslunnar. Gerður var samstarfssamningur við SÍMEY um að SÍMEY fósttaði Fjölmennt á Akureyri og framkvæmdastjóra og formanni stjórnar Fjölmenntar var falið að vinna að gerð starfslokasamninga við fastráðna kennara Fjölmenntar á Akureyri. Nýr deildarstjóri var ráðinn til Fjölmenntar til að vinna að breytingum á starfseminni þar sem áhersla væri lögð á fjölbreytt símenntunarnámskeið fyrir markhóp stofnunarinnar.

Til að fylgja eftir breytingum ákvað stjórn Fjölmenntar að gera úttekt á starfsemi Fjölmenntar á Akureyri til að meta hvernig til hefði tekist og fá fram upplýsingar um hvort stofnunin væri á réttri braut í breytingastarfi sínu og hvaða áherslur þyrfti að leggja frekar. Leitaði framkvæmdastjóri Fjölmenntar að nýju til Skólaþróunarsviðs sem tók að sér verkefnið. Að verkefninu unnu Guðmundur Engilbertsson, sérfræðingur, Halldóra Haraldsdóttir, dósent og Trausti Þorsteinsson, forstöðumaður.

Framhaldsfræðsla – Símenntun

Nám alla ævi er hluti af því að hlúa að sjálfum sér, hluti af því að vera tilbúnari fyrir ófyrirsjáanlegar breytingar, nám alla ævi er í raun hluti af því að líða vel (Katrín Jakobsdóttir, 2009: 5).

Þannig farast menntamálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, orð á ráðstefnu um þróun menntstefnu á Íslandi í evrópsku samhengi árið 2010. Katrín segir íslensk stjórnvöld hafa tekið stefnuna á nám alla ævi til þess að þróun menntunar haldist í hendur við þróun á sviði tækni og efnahagsmála og til þess að hver einstaklingur fái betur notið hæfileika sinna. Að hálfu menntamálaráðuneytis er því haldið fram að mikilvægt sé að fólk tileinki sér þá hugsun að menntun sé æviverk sem í reynd stendur yfir frá vöggu til grafar. Nám fari ekki eingöngu fram í skólastofunni, heldur einnig á vinnustað, í félagsstörfum, í hversdagslífinu og hvarvetna þar sem fólk dregur lærdóm af nýrri reynslu (Menntamálaráðuneytið, e.d.).

Samevrópsk skólastefna byggir á fjórum menntastöðum, þær eru: nám til að öðlast þekkingu; nám til að öðlast færni; nám til að læra að lifa í sátt og samlyndi við aðra og nám til að verða betri maður. Í megindráttum innifela þessar stöðir eftirfarandi í sér:

- *Þekkingu:* Annars vegar er átt við það að ná tókum á þeirri tækni að afla sér þekkingar en í því felst að geta aflað skilnings á nærumhverfi sínu, verið þátttakandi og átt í samskiptum við aðra. Hins vegar tekur hugtakið til þess að afla þekkingar þekkingarinnar vegna sem tengist ánægjunni sem felst í því að skilja og uppgötva. Eftir því sem þekking er meiri því auðveldar á einstaklingur með að skilja fjölbreytileikann í samfélaginu og öðlast sjálfstæði í skoðunum.
- *Færni:* Áhersla beinist að því að efla persónulega færni einstaklings þannig að hann sé í stakk búinn til þess að yfirfæra þekkingu til fjölbreytilegra starfshátta við ólíkar aðstæður. Persónulegir færniþættir taka m.a. til frumkvæðis, vogunar, félags- og samskiptafærni.
- *Að lifa í sátt og samlyndi:* Í lífsleikni af þessu tagi felst skilningur á fjölbreytileika mannlífsins og tileinkun dygða s.s. að bera virðingu fyrir öðrum og að geta unnið úr ágreiningi á friðsamlegan hátt. Tileinkun getur falist í samskiptaverkefnum af ólíkum toga þar sem nemendum er gert að komast að sameiginlegri niðurstöðu og taka sameiginlega ábyrgð.
- *Að verða betri maður:* Menntun skal stuðla að heildarþroska einstaklings gagnvart sjálfum sér og öðrum. Í því felst m.a. að geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir, leyst vandamál og tekist á við skuldbindingar (UNESCO, 1996).

Síðasta áratug eða svo hefur áhersla í Evrópulöndum aukist á *nám alla ævi* (lifelong learning) sem fimmtu menntastöðina. Hún felur í sér nýja sýn til menntunar. Þessari nýju sýn er lýst svo af UNESCO um menntun á 21. öldinni:

Í þessari framtíðarsýn er ekki rúm fyrir hefðbundin svör við menntunarkröfum, þ.e. svör sem lúta fyrst og fremst að magni og þekkingarsöfnun. Það nægir ekki að búa hvert barn snemma á ævinni út með þekkingarforða sem það getur síðan nærst á upp frá því. Gera

verður hvern og einn færan um að nýta tækifæri til símenntunar, bæði til að styrkja þekkingu sína, færni og viðhorf til að aðlaga sig að breytilegum og flóknum heimi þar sem allt er öðru háð (UNESCO, 1996: 1).

Í þessu ljósi voru í mars sl. samþykkt frá Alþingi ný lög um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010). Lögin koma í stað heimildar í lögum um framhaldsskóla frá 1996 fyrir rekstri öldungadeilda, endurmenntunarnámskeiða og samstarfi framhaldsskóla um fullorðinsfræðslu-miðstöðvar. Framhaldsfræðsla tekur til hvers konar náms, úrræða og ráðgjafar sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla. Lögin taka til skipulags framhaldsfræðslu á vegum fræðsluaðila, sjálfstæðs lögaðila sem veitir framhaldsfræðslu og hefur hlotið viðurkenningu ráðherra. Með lögnum er lokið heildarendurskoðun löggjafar um íslenskt menntakerfi en að baki þeirri löggjöf allri liggur stefna um nám alla ævi þar sem horft er á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla og framhaldsfræðslu.

Lög um framhaldsfræðslu lúta að óformlegri menntun sem fer fram utan skólakerfisins og meta að verðleikum þá hæfni sem einstaklingurinn tileinkar sér í lífi og starfi. Meðal markmiða hinna nýju laga er að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, gefa þeim færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti og að búa einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni. Í lögnum er kveðið á um það að hafa skuli reglulegt samráð við fræðsluaðila sem starfa á grundvelli þessara laga um framkvæmd framhaldsfræðslunnar.

Í 8. gr. laganna er ákvæði um raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Með raunfærnimati er átt við ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklings. Matið getur byggst á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu viðkomandi. Umræðuhópur á vegum menntamálaráðuneytis segir það samdóma álit þeirra sem fjalla um starfsnám fullorðinna að raunfærnimat gegni lykilhlutverki í því að afla því viðurkenningar. Þá telur hópurinn það brýnt að einstaklingum standi til boða ráðgjöf um nám og námsmöguleika, en jafnframt greining og úrræði vegna námsörðugleika þegar svo ber undir (Menntamálaráðuneyti, 2010).

Hin nýju lög leggja mikla áherslu á gæði náms. Í 6. og 7. grein laganna er kveðið á um vottun námskráa, er felur í sér staðfestingu á að námið uppfylli almennar kröfur um skipulag og gæði kennslu, og viðurkenningu fræðsluaðila er felst í sex þáttum þ.á.m. námskrám, hæfni þeirra sem annast framhaldsfræðslu og tilvist gæðakerfis hjá viðkomandi aðila. Þessum ákvæðum er síðan fylgt eftir með ákvæðum um mat og eftirlit með gæðum bæði innra mati og ytra sem framkvæmt skal af óháðum aðila.

Ísland er í hópi þeirra landa þar sem þátttaka í fullorðinsfræðslu er hvað mest (Menntamálaráðuneyti, 2010). Eins og hún hefur þróast undanfarin ár hefur hún fyrst og fremst beinst að þeim sem stysta skólagöngu hafa á vinnumarkaði og hefur umfang starfseminnar aukist verulega síðustu árin. Á árabílinu 1998–2000 voru stofnaðar símenntunarmiðstöðvar í öllum landshlutum er njóta styrks frá menntamálaráðuneyti með ýmsum hætti. Miðstöðvar þessar mynda fræðslunet hringinn í kringum landið auk útstöðva og námsvera sem þeim tengjast. Hlutverk þessara stofnana er að auka aðgengi fólks að margs konar námi og auka með því búsetugæði á sínu svæði. Hafa þær haft til boða fjölbreytt

námskeið, s.s. tungumálanámskeið, tölvunámskeið, menningar- og sagnfræðitengd námskeið, tómsundanámskeið auk starfstengdra námskeiða. Einnig hefur náms- og starfsráðgjöf orðið veigamikill þáttur í starfseminni. Árið 2001 var Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) stofnuð en hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur um framhaldsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Markmiðið er að veita starfsmönnum á almennum vinnumarkaði, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði (Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins, e.d.). Samningur sem menntamálaráðuneytið hefur gert við FA tekur til þróunar nýrra aðferða til að efla þekkingu og færni fólks á vinnumarkaði sem og umsjónar með framkvæmd verkefna. Þá hefur þróun og umsjón með raunfærnimati hjá fræðsluaðilum orðið sívaxandi þáttur í starfsemi FA (Þjónustusamningur, 2009).

Mikilvægur þáttur í mikilli aðsókn að framhaldsfræðslu er stofnun starfsmenntasjóða á vegum stéttarfélaganna sem hafa það hlutverk að endurgreiða kostnað vegna námskeiðahalds til einstaklinga og fyrirtækja allt að 75%. Sem dæmi um slíkan sjóð er Starfsafl - starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, sem varð til í tengslum við kjarasamninga vorið 2000. Þá var samið um stofnun sérstaks sjóðs sem ætlað er að byggja upp menntun ófaglærðra. Fyrirtæki innan Samtaka atvinnulífsins geta sótt um styrk til sjóðsins til að vinna sérstök starfsmenntaverkefni sem hafa fræðslu að markmiði. Markmið Starfsafls er að hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun, kynningar- og hvatningarstarf er tengist starfsmenntun og stuðla með þeim hætti að aukinni starfsmenntun í íslensku atvinnulífi fyrir ófaglærða starfsmenn, kanna þörf atvinnulífsins fyrir starfsmenntun ófaglærðs verkafólks og leita eftir viðræðum við stjórnvöld um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu. Starfsafl styrkir nýjungar í námsefnisgerð, endurskoðun námsefnis, rekstur námskeiða og einstaklinga og fyrirtæki vegna starfsmenntunar samkvæmt nánari reglum stjórnar. Með þessum hætti hafa stéttarfélag stuðlað að fjölbreyttri framhaldsfræðslu hvert á sínu sviði (Starfsafl, e.d.).

Þó að staða fullorðinsfræðslu á Íslandi sé í góðri þróun er það mat umræðuhóps á vegum menntamálaráðuneytis að betur megi huga að ýmsum framkvæmdaþáttum og að sérstaklega þurfi að bæta þjónustu við ýmsa jaðarhópa, s.s. fatlaða og innflytjendur (Menntamálaráðuneyti, 2010). Viðhorf til menntunar fatlaðs fólks koma fram í lögum, reglum og samþykktum sem íslenskt menntakerfi byggir á. Stefna Íslands í menntamálum byggir á samevrópskum grunni þar sem hvert land heldur þó sérkennum sínum. Samningur um réttindi fatlaðs fólks (24. grein) staðfestir jafnan rétt fatlaðra til náms án aðgreiningar og á það við um símenntun sem og önnur skólastig.

Fjölmennt

Fjölmennt – Fullorðinsfræðsla fatlaðra var stofnuð árið 2002. Í stefnuskrá Fjölmenntar segir að markmið hennar sé að skipuleggja námskeið fyrir fullorðið fatlað fólk sem ekki á kost á starfsþjálfun hjá öðrum símenntunaraðilum. Gildum Fjölmenntar er stuttlega lýst á heimasíðu stofnunarinnar; *jafnræði*, *virðing*, *fjölbreytni* og *gæði* eru á meðal áherslupáttar í starfseminni. Notendur skulu fá metnaðarfulla þjónustu í formi fræðslu, ráðgjafar og stuðnings í samræmi við það sem þykir sjálfsagt og nauðsynlegt að annað fólk njóti. Starfsemi skal vera sveigjanleg og einstaklingsmiðuð og falla vel að öðru starfi notendahópsins. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreytni sem m.a. felst í því að leita námstilboða utan stofnunarinnar eftir því sem við á. Starfsemi Fjölmenntar skal byggja á gæðastarfi sem tekur tillit til óska og þarfa notandans. Þannig er leitast við að skipuleggja þjónustu svo að hún efli þátttöku notanda í nærsamfélaginu í daglegu lífi, starfi og tómstundum (Fjölmenntar, e.d.a).

Nám og kennsla í námskeiðum Fjölmenntar hefur að markmiði að auka sjálfstæði, öryggi og vellíðan nemenda m.a. með því að:

- efla starfshæfni fatlaðra í atvinnulífi
- bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á fjölbreyttu sviði
- veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun fatlaðra og starfsþjálfun þeirra
- stuðla að auknu framboði á símenntun fyrir fatlaða og miðla því til almennings og atvinnulífs. Hér er átt við jafnt formlega og óformlega menntun, starfsmenntun, tómstundanám, nám í lífsleikni og bóknám
- fylgjast með og nýta bestu fáanlegu kennslutækni fyrir fatlaða
- hafa samstarf við aðra aðila er sinna símenntun á Íslandi
- kynna fyrirtækjum símenntunartilboð fatlaðra
- bjóða nemendum Fullorðinsfræðslunnar upp á starfs- og námsráðgjöf (Fjölmennt, e.d.b).

Fjölmennt er sjálfseignarstofnun sem starfar á grundvelli þjónustusamnings á milli Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands annars vegar og menntamálaráðuneytisins hins vegar. Fyrsti samningurinn var gerður árið 2002 og átti hann að gilda til fimm ára eða til ársins 2007. Samningurinn hefur ekki verið endurnýjaður en upphafssamningurinn verið framlengdur allt til þessa en nú er unnið að endurnýjun samnings og liggja fyrir drög að honum.

Í nýjum samningsdrögum sem liggja á borði samningsaðila eru ákvæði sem hafa munu breytingar í för með sér á starfsemi og starfsháttum Fjölmenntar. Enda þótt lög um framhaldsfræðslu hafi ekki legið fyrir samþykkt frá Alþingi er samningsdrögin voru frágengin má ljóst vera að áherslur þar eru fengin frá hinum nýju lögum. Hlutverk Fjölmenntar breytist og starfshættir þróast í átt að fyrirkomulagi annarra símenntunarmiðstöðva. Fjölmennt fær aukið ráðgefandi hlutverk og áhersla verður lögð á að styðja fatlað fólk til náms hjá öðrum fræðsluaðilum ásamt eigin námskeiðahaldi. Veigamestu breytingarnar eru þessar:

- Stofnunin fær nýtt heiti og nefnist „Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð“.
- Aukin áhersla er á samstarf við aðrar símenntunarstofnanir.

- Ráðgjafarhlutverk Fjölmenntar verður aukið
- Starfsendurhæfing er ekki lengur sjálfstætt viðfangsefni Fjölmenntar eins og gildandi samningur lagði áherslu á.

Þessi atriði hafa í för með sér að gera þarf breytingar á skipulagsskrá stofnunarinnar og liggur hún nú frammi til staðfestingar.

Í drögum að þjónustusamningi sem liggur á borðum samningsaðila segir að Fjölmennt greiði aðallega á þrennan hátt fyrir því að fatlað fólk geti tekið þátt í símenntun með því að veita eftirtalda þjónustu:

1. Veitir ráðgjöf.
 - Veita símenntunaraðilum ráðgjöf um skipulagningu og framkvæmd náms fyrir fatlað fólk, bæði nám sem er sérstaklega sniðið að þörfum þess og almennt nám sem það gæti stundað með öðrum.
 - Veita fötluðu fólki ráðgjöf við að velja og nýta sér námstilboð á vegum símenntunaraðila og menntastofnana.
2. Starfar með öðrum símenntunaraðilum.
 - Stuðla að því að símenntunaraðilar bjóði námskeið sem henta fötluðu fólki og aðstoða við að setja upp slík námskeið til að auka fjölbreytileika og gæði.
 - Vinna að því að námstilboð séu í samræmi við hugmyndafræði samskipunar og blöndunar.
 - Niðurgreiða námskeið þannig að fatlað fólk greiði ekki meira fyrir námið en aðrir, að teknu tilliti til styrkja til þátttakenda.
 - Fylgjast með gæðum náms sem þessum hópi er boðið.
3. Heldur námskeið.
 - Halda sértæk námskeið fyrir þá sem geta ekki nýtt sér námstilboð símenntunaraðila eða að framboð á námskeiðum er ekki fyrir hendi.

Fjölpætt ráðgjöf sem m.a. byggist á kennslufræðilegum leiðbeiningum og aðstoð er forsenda fyrir farsælu og árangursríku samstarfi við einstaklinga sem eftir þjónustu leita svo og aðra símenntunaraðila.

Markmið hins nýja þjónustusamnings er að fötluðu fólki, 20 ára og eldra, bjóðist fjölbreytt símenntun í formi náms og námskeiða að loknu formlegu námi í skólakerfinu. Starfað skal í anda laga og alþjóðlegra samþykka svo sem:

- Markmiðsgrein laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992.
- Sáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2007 um réttindi fatlaðs fólks.
- Salamancayfirlýsingarinnar, einkum 56. og 57. gr.

Markhópur Fjölmenntar er eins og sjá má af þessu fatlað fólk, 20 ára og eldra, sem þarfnast sérstaks stuðnings til náms af þeim sökum. Þar er fyrst og fremst átt við þroskahömlun, einhverfu, geðfötlun og fjölfötlun af ýmsum toga. Að auki þeir sem ekki eiga þess kost að stunda nám eða leita sér ráðgjafar hjá öðrum stofnunum sem sinna skulu fólki með sértækar fatlanir samkvæmt sérstökum lögum.

Fæstir þeirra sem þessa hópa fylla hafa átt þess kost að stunda vinnu á almennum vinnumarkaði og eiga þar af leiðandi ekki möguleika á að nýta sér starfs- eða símenntunar-

sjóði verkalýðsfélaganna. Sérstök úrræði eins og þessi þjónustusamningur kveður á um eru því að óbreyttu nauðsynleg til að tryggja þeim aðgang að símenntun til jafns við aðra.

Fjölmennt starfrækir starfsstöðvar á þremur stöðum á landinu, í Reykjavík þar sem að jafnaði 430 einstaklingar hafa nýtt sér námskeiðstilboð Fjölmenntar, á Selfossi þar sem um 70 einstaklingar hafa tekið þátt og á Akureyri þar sem 80 einstaklingar hafa tekið þátt (Fjölmennt, e.d.c). Í samræmi við ályktanir og stefnu stjórnar Fjölmenntar hafa á undanförunum árum verið gerðir samningar við símenntunarstofnanir á landsbyggðinni um að þær tækju að sér að skipuleggja hver á sínu svæði símenntunarnámskeið fyrir fatlað fólk. Tilgangur samninganna er að auka þjónustu við fatlað fólk á þeim stöðum sem Fjölmennt hefur ekki fastar starfsstöðvar. Til viðbótar þessu hefur Fjölmennt gert samstarfssamninga við aðrar menntastofnanir á höfuðborgarsvæðinu um námskeiðahald fyrir fatlað fólk og á vorönn 2010 sækja um 90 skjólstæðingar Fjölmenntar námskeið hjá þessum aðilum.

Fjölmennt á Akureyri

Allt frá stofnun Fjölmenntar árið 2002 hefur stofnunin haft starfsstöð á Akureyri. Árið 2008 var gerð úttekt á starfsemi deildarinnar að ósk stjórnar Fjölmenntar sem þá hafði nokkrar áhyggjur af því að aðsókn að námskeiðum dvínaði og að þjónustan mætti ekki þörfum markhóps deildarinnar.

Í úttektarskýrslu Skólaþróunarsviðs frá árinu 2008 (Trausti Þorsteinsson og Guðmundur Engilbertsson, 2008) kemur fram að meginstyrkleikar Fjölmenntar á Akureyri liggja í jákvæðu viðhorfi til stofnunarinnar frá þeim sem þiggja þjónustu hennar og hinu ytra samfélagi svo og jákvæðu samstarfi við aðrar stofnanir sem vinna að málefnum fatlaðra. Stærð samfélagsins á Akureyri og margbreytni er einnig sagður ótvíræður kostur. Veikleikar starfsdeildarinnar er hins vegar sagðir að hún hafi ekki aðlagð starfsemi sína nægilega að stefnu og skipulagsskrá Fjölmenntar. Deildin beri frekar svipmót hefðbundinnar skólastofnunar sem hún hafði tekið í arf frá upphafsárum starfseminnar. Er úttektin var gerð árið 2008 hafði Fjölmennt tekið að sér að veita nokkrum nemendum námstilboð á framhaldsskólastigi en það fyrirkomulag voru leifar frá fyrstu tíð starfseminnar. Auk framhaldsdeildar á vegum Fjölmenntar voru endurhæfingardeild og símenntunardeild starfræktar innan starfsdeildarinnar á Akureyri. Vorið 2008 brautskráðust síðustu nemendurnir úr framhaldsdeildinni en nú geta nemendur sótt framhaldsnám á almennri braut í Verkmenntaskóla Akureyrar.

Meginþungi starfsins í Fjölmennt á Akureyri var frá morgni fram á dag, starfsárinu var skipt í tvær annir sú fyrri hófst seint í ágúst og stóð til desemberloka en sú síðari hófst í byrjun janúar og stóð til maíloka, sambærilegt skólaárinu í hefðbundnu skólasterfi. Í skýrslunni er bent á að hátt hlutfall starfsmanna sé bundið á fastráðningasamningum en það dragi úr sveigjanleika í starfsemi og falli illa að starfsemi símenntunarstofnunar. Þetta fyrirkomulag hefði í för með sér ákveðinn ósveigjanleika og stöðnun í námsframboði Fjölmenntar, sömu námskeiðin eða svipuð væru í boði ár eftir ár og sömu nemendur ynnu með svipuð eða sömu viðfangsefni ár eftir ár. Á það var bent að auka þyrfti fjölbreytni námskeiða að inntaki og formi og taka mið af ólíkum þörfum og aðstæðum þeirra sem leituðu eftir fræðslu. Greina þyrfti þarfir markhópsins og skipuleggja námskeiðin í ljósi þess.

Í meginatriðum voru niðurstöður úttektaraðila þær að vinna bæri að því að fella starfsemi Fjölmenntar undir Símenntunarstofnun Eyjafjarðar (SÍMEY). Greina þyrfti þarfir markhóps stofnunarinnar og skipuleggja námskeið í ljósi niðurstaðna. Bæta þyrfti úr kynningarstarfsemi og vinna betur að ráðgjöf til einstaklinga og aðstoða þá við að greina þarfir sínar og finna námstilboð við hæfi, innan Fjölmenntar eða öðrum aðilum. Áhersla var lögð á það að stofnunin þyrfti að losna út úr hefðbundnu skólaformi og laga starfsemi sína að því formi sem símenntunarstofnanir settu á starf sitt. Gagnrýnt var að námstímanum var skipt í annir og skólaárið hófst í ágúst og lauk í maílok. Draga þyrfti úr fastráðningum en byggja mönnun námskeiða á stundakennurum eða verktökum. Með þeim hætti mætti auka fjölbreytni í námskeiðsframboði og draga úr kostnaði. Þá gæti það einnig boðið upp á ólíkar stærðir námskeiða í tímum talið. Auka þyrfti áherslu á hvers konar lífsleikninámskeið en stutt námskeið af því tagi gætu verið afar áhugverð og haft í för með sér fjölbreytileika í námsframboði. Að lokum var lagt til í skýrslunni að kannaðir yrðu möguleika á því að koma á starfstengdu diplómanámi við Háskólann á Akureyri í samstarfi við Fjölmennt. Virðast tillögur úttektaraðila ríma við áherslur nýrrar löggjafar um framhaldsfræðslu er sett voru tveimur árum síðar.

Hvað hefur verið gert?

Stjórn Fjölmenntar tók úttektarskýrsluna þegar til umræðu og úrvinnslu. Er skýrslan kom út lá fyrir að deildarstjóri Fjölmenntar á Akureyri hafði sagt upp störfum sínum og ráða þurfti nýjan deildarstjóra. Það var fyrsta skrefið í breytingaferlinu og síðan var hafist handa við að endurskoða starfsmannamál Fjölmenntar og færa stofnunina að hugmyndafræði símenntunarmiðstöðva. Ákveðið var að segja upp fastráðningarsamningum og losa stofnunina sem mest við ráðningar á kjarasamningum kennara. Í ágúst 2009 var gerður samstarfssamningur milli SÍMEY og Fjölmenntar. Meginatriði þess samnings eru:

- að þessir aðilar ætla að starfa saman að því að bjóða upp á námskeiðahald fyrir fólk með fötlun á Eyjafjarðarsvæðinu
- Starfsmaður frá Fjölmennt sér um skipulagningu starfseminnar í samstarfi við SÍMEY.
- SÍMEY sér um alla fjárhagslega umsýslu námskeiðahaldsins og ræður kennara/leiðbeinendur ásamt starfsmanni Fjölmenntar
- Ráðgjöf og stuðningur við kennara/leiðbeinendur sem starfa hjá Fjölmennt er í þróun (Fjölmennt Akureyri, e.d.).

Samstarfið við SÍMEY á eftir að þróast á næstu árum. Fjölmennt á Akureyri hóf störf samkvæmt nýju skipulagi haustönn 2009. Að mati forstöðumanna Fjölmenntar hefur breytingin haft í för með sér:

- Meiri fjölbreytileika í námskeiðatilboðum. Styttri námskeið (4–12 vikur) sem dreifast yfir önnina.
- Nemendur sýna áhuga á að sækja um ný námskeið og þar með tileinka sér nýja þekkingu og færni á ýmsum sviðum. Sumir nemendur sækja um allt að 8 námskeið á einni önn
- Fleiri námskeið í boði fyrir mikið fatlaða einstaklinga en áður var.
- Sveigjanleiki er meiri á ýmsum sviðum. Nemendur geta sótt um námskeið í byrjun annar og einnig síðar á önninni þegar auglýst eru ný námskeið.

- Nemendur fá að kynnast mörgum nýjum kennurum og það upplifa þau jákvætt (Fjölmennt Akureyri, e.d.).

Aðferðir

Megintilgangur úttektar á starfsemi Fjölmenntar á Akureyri er að leita svara við þeim meginspurningum hvernig til hefur tekist við breytingar á fyrirkomulagi þjónustu stofnunarinnar frá úttekt Skólaþróunarsviðs HA árið 2008 og hvort stofnunin uppfylli þær þarfir sem eru á starfssvæðinu um símenntun eða framhaldsfræðslu fyrir markhóp stofnunarinnar. Jafnframt er mat lagt á jákvæða og neikvæða þætti í starfseminni og tilögur gerðar til úrbóta.

Gögn

Til að svara ofangreindum spurningum var stuðst við fyrirliggjandi gögn og tekin viðtöl. Í upphafi var ákveðið að eiga óformlegar samræður við framkvæmdastjóra Fjölmenntar og deildarstjóra Fjölmenntar í Reykjavík og á Akureyri. Í þeim viðræðum fengu úttektaraðilar upplýsingar um ýmsar áherslur í starfsemi Fjölmenntar og hvernig staðið hefði verið að breytingum á starfsemi deildarinnar á Akureyri.

Þar sem breytingaferlið hafði ekki staðið yfir langan tíma og ekki lágu fyrir miklar tölulegar upplýsingar um breytingar eða þróun var ákveðið að leggja áherslu á viðtöl og rýnihópa til gagnaöflunar við úttektina. Einstaklingsviðtöl voru tekin við forstöðumann SÍMEY og deildarstjóra Fjölmenntar á Akureyri. Viðtölin voru hálfstöðluð, settur var saman viðtalsrammi fyrir bæði viðtölin og við hann stuðst. Ýmist tveir eða þrír fulltrúar frá úttektaraðila tóku þátt í viðtölunum. Þá voru búnir til fimm rýnihópar sem hér segir:

- Forstöðumenn sambýla og dagþjónustu fyrir fatlaða
- Forsvarsmenn á Plastiðjunni Bjargi
- 4 kennarar á námskeiðum Fjölmenntar
- 3 foreldrar fatlaðra einstaklinga
- 4 nemendur á námskeiðum Fjölmenntar

Í rýnihópum var unnið með svipuðum hætti og einstaklingsviðtölum. Settur var saman viðtalsrammi er samanstóð af ýmsum spurningum sem þátttakendur voru fengnir til að ræða eða tjá sig um. Í stórum dráttum laut hann að viðhorfi til þeirra breytinga sem gerðar hefðu verið á Fjölmennt á Akureyri, hvernig þær birtust skjólstæðingunum, viðhorf til framboðs námskeiða og fjölbreytni námsframboðs, samvinnu við Fjölmennt og veikleika og styrkleika í starfsemi stofnunarinnar. Öll viðtöl voru hljóðrituð og greind í þeim þau meginsteff er fram komu.

Fyrirliggjandi gögn sem notuð voru við úttektina voru m.a. drög að þjónustusamningi ásamt fylgiskjölum milli menntamálaráðuneytisins og Fjölmenntar, lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, samningur milli Fjölmenntar og SÍMEY, námskrá og upplýsingar um inntak námskeiða og aðsókn.

Niðurstöður

Stjórnun

Í viðtölunum við forstöðumann SÍMEY og deildarstjóra Fjölmenntar á Akureyri var leitað upplýsinga er vörðuðu samstarfssamning þessara tveggja stofnana og stjórnunarform.

Framkvæmdastjóri SÍMEY kvaðst hafa átt von á því við gerð samningsins milli stofnananna tveggja að samstarfið yrði meira en það er. Megin þungi starfsemi Fjölmenntar væri á höndum deildarstjóra. Fjölmennt er laustengd við SÍMEY, þ.e.a.s. að samningurinn gerir ekki ráð fyrir að stofnanirnar séu ein skipulagsheild, en ákveðin verkefni eru unnin í samstarfi. Því hefði það verið mjög einfalt að bæta þessum samskiptum við Fjölmennt við starfsemi SÍMEY, það hefði t.d. ekki kostað SÍMEY neinn auka mannafla. Að mati deildarstjóra Fjölmenntar hefur samstarfið við SÍMEY gengið mjög vel. Deildarstjóri tekur þátt í vikulegum starfsmannafundum hjá SÍMEY en þó að samstarf framkvæmdastjóra SÍMEY og deildarstjóra Fjölmenntar hafi ekki verið mjög mikið kvað framkvæmdastjóri að þeim kæmi þeim mjög vel saman og kvaðst hann viss um að samstarfið ætti eftir að þróast og aukast. Aðspurður sagðist framkvæmdastjóri SÍMEY geta séð fyrir sér að með tímanum gæti deildarstjóri Fjölmenntar orðið starfsmaður hjá SÍMEY en tók fram að hann hefði ekki endilega sterka skoðun á því hvort það væri æskilegt. „Það gæti gerst, væri vel hægt, en það þyrfti ekki að gerast. Þetta gengur ljómandi vel eins og það er,“ sagði hann og kvaðst hugsa það einkum út frá SÍMEY.

Er fjallað var um breytingar á starfsfyrirkomulagi Fjölmenntar á Akureyri árið 2008 voru uppi ákveðnar efasemdir um að ekki yrði hægt að fá kennara í verktöku til að halda úti fjölbreyttu námskeiðstilboði (Trausti Þorsteinsson og Guðmundur Engilbertsson, 2008). Aðspurður um hvernig til hefði tekist með kennararáðningar kvað deildarstjóri það hafa gengið mjög vel. Auðvelt hefði reynst að manna kennslu á námskeiðum Fjölmenntar. 18 kennarar taka þátt í námskeiðshaldinu og 7 stuðningsaðilar eru þeim til aðstoðar. Að mati viðmælenda hefur tekist afar vel að manna námskeið Fjölmenntar í vetur og gott starfsfólk er talið meðal meginstyrkleika Fjölmenntar. Kvaðst deildarstjóri vera í góðu samstarfi við SÍMEY við að leita að kennurum og ræddi jafnframt við þá kennara sem starfa hjá Fjölmennt um hverja þeir gætu bent á. Allar ábendingar væru skrifaðar niður ef vera kynni að Fjölmennt gæti nýtt sér þær síðar. Framkvæmdastjóri gerði samninga á síðustu önn við leiðbeinendur/kennara á námskeiðum en nú hefur deildarstjóri tekið yfir gerð verktakasamninga við þá.

Við gerð verktakasamninga sagðist deildarstjóri fara vel yfir stöðu mála:

...mér finnst mjög gott að geta rætt þá við kennarann um það sem þarf að leggja áherslu. Ég legg mikla áherslu á kennsluáætlanir, gott skipulag, tímasetningar – að mæta á réttum tíma. Að kennarar séu búnir að hugsa framkvæmdina til enda og láti nemendur vita hvað á að gera, strax í fyrsta tíma.

Reynt er að tryggja að fá fagfólk, sérfræðinga í því sem þeir eru að kenna. „Ég vil kennara sem hafa stórt hjarta og góða menntun“ sagði deildarstjórinn.

Símeý notar *My School*, sem er kennslukerfi þar sem öll námskeið eru skráð. Öll námskeið Fjölmenntar voru sett þar inn og hægt verður að fylgjast með ferli hvers þátttakenda í námskeiðum Fjölmenntar og hægt að sjá hvort sömu einstaklingarnir sækja sömu námskeiðin. Deildarstjóri hefur umsjónina með námskeiðum og skráir námskeið og

Þátttakendur inn í kennslukerfið en SÍMEY annast innheimtu þáttökugjalda. Í SÍMEY fer fram námskeiðsmat, og verið er að þróa og innleiða gæðakerfi við matið. Reynt er að hafa símat frekar en próf. Unnið er að því að skoða með hvaða hætti viðhafa má mat á námskeiðum Fjölmenntar. Framkvæmdastjóri Fjölmenntar hefur lagt til hugmyndir (broskönnun) og töluvert rætt um matið, viðurkenningar o.s.frv.

Húsnæði

Einn megin ágalli við aukna samvinnu og tengsl Fjölmenntar og SÍMEY töldu bæði deildarstjóri og framkvæmdastjóri vera húsnæðislegan aðskilnað. Forstöðumanni SÍMEY finnst hann oft ekki veita mikið um starfsemi Fjölmenntar þar sem starfsemin færi fram annars staðar. Aðeins eitt námskeið hefur farið fram í húsakynnum SÍMEY. Taldi hann það jákvætt að geta verið í sama húsi, það háí sameiningu að hafa starfsemina á mismunandi stöðum – þ.e. ef sameiningin eða samstarfið á að ná lengra.

Undir þetta tekur deildarstjóri Fjölmenntar. Kvað hann sig sannfærðan um að aðstaðan hindraði að samstarfið hefði ekki orðið meira. Kvaðst hann mikið vera einn og kvaðst halda að það væri gott að hafa a.m.k. einn með sér:

...ég má ekki verða veik eða neitt. Ég verð reyndar aldrei veik. Ég veit reyndar að ég get alltaf haft samband við SÍMEY og rætt mál sem ég þarf að ræða. Þegar kemur að því að flytja saman held ég að það verði ekki margir sem haldi utan um mál, kannski tveir aðilar fyrir hönd Fjölmenntar, það er bara svo margt sem þarf að setja sig inn í og það gera ekki margir, það geta ekki margir sett sig inn í allt.

Deildarstjóra var í upphafi fengin skrifstofa hjá SÍMEY en sagði það þyrfti alltaf að hafa einhvern inni í húsnæði Fjölmenntar og því hefði hann ekki nýtt aðstöðuna hjá SÍMEY. Í aðstöðu Fjölmenntar er alltaf eitthvað sem þarf að sinna og mikilvægt að vera til staðar fyrir nemendur, kennara og aðstandendur.

Fjölmennt er með leigusamning á Hvannavöllum 14 til 2013 en rætt hefur verið um að finna leiðir til að rifta honum. Deildarstjóri kvaðst sjá mikinn kost í því að vera á sama stað og SÍMEY og það þarf að vinna í því að koma því þannig fyrir. Með þeim hætti gætu starfsmenn betur skipt með sér verkum, samþætt kennsluna, unnið meira saman - verið nær hvert öðru. Þannig myndi skapast stærri starfsheild.

Þetta fjölbreytta námskeiðshald, möguleikar nemenda til að velja á milli námskeiða, að þau upplifi lífsgæði og aukna færni - það er svo mikilvægt. Það er svo margt hægt að gera, meira starfsnám, fleiri námskeið tengd daglegu starfi sem auka leikni þeirra, að reikna og fara með peninga, hjálpa þeim við að taka bílpróf og fleira sem gera þau leiknari. Það er mjög spennandi að vinna að því sem getur virkilega breytt lífi þeirra.

Námskeiðshald

Segja má að námskeiðsframboð Fjölmenntar þurfi að taka mið af mjög breiðum hópi notenda. Þeir eru á breiðum aldri, fötlun þeirra er mismunandi en það gerir þarfirnar mjög fjölbreytilegar.

Á haustönn 2009 sóttu 69 einstaklingar um námskeið hjá Fjölmennt á Akureyri. Þar af voru 55 einstaklingar með þroskaskerðingu og 14 með geðfötlun. Í upphafi vorannar sóttu 70 einstaklingar um nám í Fjölmennt, þar af 55 einstaklingar með þroskaskerðingu og 15 með geðfötlun.

Á haustönn 2009 voru 17 námskeið í boði hjá Fjölmennt, í 31 mismunandi námskeiðshópum. Því má velta fyrir sér hvort fjöldi námskeiðanna sé 17 eða jafnvel 31 því þótt námskeið beri sama heiti og hafi sömu meginmarkmið er einstaklingsmiðun í sumum tilvikum það mikil að hún ræður jafn miklu eða meiru um inntak námskeiðs en markmiðs-lýsingin. Með einstaklingsmiðuninni er stuðlað að því sem mestu skiptir, að allir skjólstæð-ingar Fjölmenntar finni námskeið við sitt hæfi hver sem fötlun þeirra er. Námskeiðin laga sig að þörfum einstaklinganna en ekki öfugt.

Á vorönn voru í boði 20 námskeið í um 45 hópum. Námskeiðsheitin eru að mestu þau sömu og voru á haustönn en þó var bryddað upp á nokkrum nýjum námskeiðum, m.a. mósáik og skartgripagerð og tölvur á myndrænum nótum.

Stærð hópa er mismunandi, flestir eru þátttakendur um 11 en yfirleitt eru þeir færri, 3–5 eða jafnvel færri. Námskeiðin eru misjafnlega vel sótt. Flestir hópar voru í námskeiðinu *Vellíðan í vatni* eða alls sex. Önnur vel sótt námskeið eins og myndmennt, myndvinnsla í tölvum og tölvur á myndrænum nótum voru kennd í 3–4 hópum. Flokka má námskeiðin í átta mismunandi svið og undir hverju sviði eru námskeið um ólíka þætti:

- SJÁLFSTYRKING – VALDEFLING
 - Framkoma og snyrting
 - Útlit og heilsa
- HEIMILISFRÆÐI
 - Hagnýtt heimilishald
 - Matur er mannsins megin
 - Hollur og góður heimilismatur
- ÍÞRÓTTIR OG SUND
 - Keila
 - Dans
 - Líkamsrækt
 - Vellíðan í vatni
- LEIKLIST OG TÓNLIST
 - Leik- og tónlistarnámskeið
 - Tónlist 1
- MÁL OG SAMFÉLAG
 - Íslenska – bókmenntir
 - Íslenska og ritun
 - Enska 1
 - Enska 2
- MYND- OG HANDLIST
 - Keramikmálun
 - Textílhönnun
 - Mósáik
 - Myndmennt
- TÖLVUR OG UPPLÝSINGATÆKNI
 - Internetið
 - Stafræn myndvinnsla
 - Tölvuleikir

- Tölvur á myndrænum nótum
- Stafræn myndvinnsla I og II
- ÖNNUR STARFSEMI
 - Nám með stuðningi
 - Ökunám – fræðilegur hluti.

Námskeiðin eru 4–12 vikur að lengd en algengast er að þau standi yfir í 6–8 vikur samfleytt. Námskeiðin eru í boði frá kl. níu á morgnana og fram til hálf sjö. Svo lítil aðsókn var í námskeið er varðaði mál og samfélag að ekkert þeirra var haldið. Í viðtölum úttektaðila kom fram að almenn ánægja væri með mismunandi lengd námskeiða. Það er veruleg breyting frá því sem áður var þegar námskeið stóðu yfirleitt yfir heila önn eða jafnvel skólaár. Í viðtölum kom einnig fram ánægja með tímasetningar námskeiðanna sem í flestum tilvikum þykja henta mjög vel. Meginástæða þess hve vel það hefur tekist má rekja til vinnu deildarstjóra við að laga námskeiðstíma sem best að þörfum viðkomandi. Hvert námskeið er skoðað með umsækjendum í huga og þarfir þeirra og þykir það almennt mjög jákvæð tilhögun.

Námskeiðin eru kynnt á vefsíðu Fjölmenntar, í bæklingi sem sendur er til notenda og á vinnustöðum, í VMA og á sambýlum. Ný námskeið eru auglýst í *Dagskránni* sem er dreift um allt Norðurland. Upplýsinganet Fjölmenntar virðist þétt riðið og ná til allra sem vitað er um að eiga rétt á þjónustunni. Ein og ein rödd þess efnis að hugsanlega næðist ekki í alla heyrðist. Þetta þarf að skoða mjög vel en vandséð er hvernig unnt er að gera það, t.d. vegna persónuverndar en búsetudeild og aðrar stofnanir samfélagsins ættu að vinna sem best að því að allir sem eiga rétt á að sækja námskeið Fjölmenntar viti af því og hvað er í boði.

Aðsókn á námskeiðin er mjög mikil, sumir hafa sótt um allt að tíu námskeið en flestir þó mun færri. Viðmælendur lýstu því yfir að frekar væri vandi að velja á milli námskeiða en að velja námskeið. Áhugi ræður mestu um hvaða námskeið er sótt um en samkvæmt viðmælendum hafa umsækjendur einnig greinilega í huga að vera með félögum sínum. Aðstandendur töldu mikilvægt að huga vel að félagsþörf, bjóða t.d. upp á aðstöðu í húsa- kynnum Fjölmenntar til að þátttakendur á námskeiðum geti varið saman tímanum milli námskeiða.

Námskeiðin kosta meira en áður fyrr, þrátt fyrir að vera styttri, og í viðtölunum var gjarnan minnst á það. Viðmælendur töldu einsýnt að í einhverjum tilvikum leiddi það til þess að skjólstaðingar hefðu ekki efni á að sækja námskeið. Margir geta þó sótt um styrki í krafti aðildar sinnar að verkalýðsfélagi en rétt er að benda á að ekki eru allir í verkalýðsfélagi. Mjög brýnt er að fylgjast með efnahagslegri stöðu skjólstaðinganna, gefa sem flestum möguleika á að sækja námskeið því vel má skilja af viðmælendum að þau eru eftirsóknarverð lífsgæði fyrir fólk með fötlun.

Almennt sögðu viðmælendur að flestir fyndu námskeið við sitt hæfi. Það eru að nokkru leyti breytt viðhorf frá því úttekt var gerð fyrir um tveimur árum en þá bar á leiða vegna þess að sömu námskeiðin voru í boði ár eftir ár og fátt um nýjabrum. Mestar áhyggjur viðmælenda nú voru af því að ungt fólk finnur ekki ástæðu til að sækja um námskeið Fjölmenntar. Ein ástæðan er sú að ungt fólk hefur vanist blöndun og þykir skref aftur á bak að sækja námskeið sem eingöngu er í boði fyrir fólk með fötlun. Þá kom það sjónarmið viðmælenda fram að fólk með geðfötlun sækti síður um námskeið sem væru miðuð við einstaklinga með þroskaskerðingu. Hvoru tveggja er dæmi um mismunandi viðhorf til blöndunar eða samfélagsaðlögunar. Ungu fólkið þekkist eða hugnast síður aðgreining en það

sem eldra er og fólk með geðfötlun telur sig hugsanlega eiga frekar samleið með ófötluðum einstaklingum en einstaklingum með þroskaskerðingu.

Þegar námskeiðsframboðið er skoðað má sjá að það er mjög fjölbreytt. Það byggir yfirleitt að grunni til á óskum nemenda, starfsfólks og foreldra nemenda. Flest námskeiðanna tengjast hreyfingu, listum og tómsundum. Viðmælendur lýstu almennri ánægju með inntak námskeiðanna en jafnframt komu fram raddir meðal þátttakenda að áhugavert væri að bjóða upp á nokkur fræðilegri námskeið, t.d. bókmenntir, íslensku, ensku og stærðfræði. Þessi gagnrýni er athyglisverð þar sem þessi námskeið voru öll til boða að undantekinni stærðfræði.

Í viðtölunum kom fram að hugsanlega mætti tengja betur saman námskeið á vegum SÍMEY og Fjölmenntar til að opna fleirum leið inn í námskeið en það kallar á námsaðlögun og stuðning. Að mati kennara á námskeiðum Fjölmenntar gæti það ekki aðeins opnað fólki með fötlun leið inn í námskeið heldur einnig ófötluðum einstaklingum sem ekki sækja námskeið SÍMEY vegna þess þeir treysta sér ekki til þess án stuðnings. Það væri mjög áhugaverður kostur að bjóða einstaklingum í markhópi Fjölmenntar upp á stuðning með námi á námskeiðum SÍMEY, bjóða upp á frekari aðlögun í námskeiðum SÍMEY og að bjóða sérstök námskeið fyrir þá í markhópi Fjölmenntar sem mestan stuðning þurfa. Þannig mætti stuðla að námsaðlögun fyrir alla, hugsanlega meiri samfélagsaðlögun þátttakenda og það myndi jafnframt tryggja að þeir mest fötluðu fengju námskeið við hæfi. Í viðtölum kom fram að mikilvægt væri að standa vörð um hag þeirra sem eru mest fatlaðir og tryggja þeim fjölbreytt námskeiðsboð. Deildarstjóri telur miklu skipta að bjóða þeim sem við mesta fötlun búa og mestan stuðning þurfa góða þjónustu. Viðmælendur lýstu því gjarnan yfir að hvert sem skipurit eða rekstrarform Fjölmenntar væri þyrfti að gæta að þeirra hag. Það væri eitt mikilvægasta markmið Fjölmenntar.

Fram komu áhyggjur vegna sundkennslu sem hefur færst til Akureyrar frá Kristnesi. Áhyggjurnar felast í því að þarfir notenda séu mun meiri en aðstæður á Akureyri leyfa. Þetta þyrfti að skoða vandlega.

Í úttekt Skólaþróunarviðs árið 2008 lýstu nokkrir viðmælendur áhyggjum af því að breytingar á þáverandi skipulagi væru til góðs þar sem tengsl þáverandi kennara og nemenda væru mikilvæg. Allir viðmælendur voru nú mjög ánægðir með hve vel þessar breytingar heppnuðust og hve vel þátttakendur á námskeiðum hafa tekið nýjum kennurum. Sú umræða kom upp í viðtölum að fyrrverandi skipulag hafi hugsanlega dregið úr væntingum um árangur fólks með fötlun og því haldið aftur af einhverjum einstaklingum. Í viðtölum við aðstandendur gætti þeirra viðhorfa að þeir þekki vel „sína menn“ eins og sagt var en spyrja má hvort þau viðhorf séu ekki í viðjum vanans. Úr því fæst þó ekki skorið nema boðið sé upp á ögrandi námskeið, þar sem reynt er á möguleika þátttakenda, stefnt á og gerðar væntingar um árangur. Deildarstjóri leggur áherslu á að hvert námskeið skili þátttakendum árangri, bæti við fyrri reynslu þeirra og þekkingu og að þeir geti nýtt sér það. Hann hefur hug á að bjóða upp á fleiri námskeið sem auka beint færni fatlaðra til að takast á við líf og starf.

Viðmælendur töldu mjög jákvætt að boðið er upp á slík námskeið. Minnst var á stuðning við einstaklinga til að taka bílpróf og jafnvel sækja vinnuvélanámskeið en það eru dæmi um námskeið sem geta verið lyftistöng fyrir fatlaða, styrkt möguleika þeirra á vinnumarkaði og stuðlað að aukinni sjálfsvirðingu. Slíkur stuðningur er dæmi um form þar sem ekki er beint boðið upp á námskeið heldur einstaklingsmiðaðan stuðning. Þessu mætti lyfta betur upp í starfsemi Fjölmenntar þar sem þetta er ekki jafn gegnsætt og námskeiðin sem eru í boði.

Að mati viðmælenda hefur deildarstjóri Fjölmenntar unnið mjög vel að því að meta þarfir og áhuga einstaklinga og í kjölfarið hefur verið boðið upp á áhugaverð og eftirsóknarverð námskeið. Næsta skref er að koma upp matskerfi, finna leiðir til að fá notendur til að meta námskeiðin og nýta matið við sjálfsmat og til frekari þróunar námskeiðanna.

Viðhorf og framtíðarsýn

Hlutverk Fjölmenntar er að bjóða upp á góða þjónustu fyrir fatlað fólk. Til þess að auka gæði og fjölbreytni í þjónustu hófst samstarfið við SÍMEY. Í samstarfssamningi á milli SÍMEY og Fjölmenntar er SÍMEY með skilgreinda umsjón yfir námsframboði en Fjölmennt leggur til verkefnisstjóra. Breytingarferlið hefur falið í sér eftirfarandi:

- Fjölbreytni í námskeiðatilboðum hefur aukist.
- Fleiri námskeið eru í boði en áður var.
- Námskeið eru styttri og dreifast yfir önnina í stað þess að vera bundin við önn.
- Notendahópurinn er breiðari
- Fleiri kennarar kenna á námskeiðum, þeir eru ráðnir á verktakasamning í stað fastráðningar áður.
- Námskeiðin fara fram í Fjölmennt og utan hennar s.s. í SÍMEY, almenningssundlaug, tónlistarskóla og á heimilum einstaklinga.

Í viðtölum kom fram að breytingarnar í Fjölmennt hafi verið nauðsynlegar. Kennarar voru fastráðnir í vinnufyrirkomulagi sem ekki hentaði símenntunarstofnun, breyting á því fyrirkomulagi varð möguleg eftir að samningur var gerður við SÍMEY og þar með losnaði Fjölmennt úr fjötrum þess að bjóða einungis námskeið sem hentaði fáum fastráðnum kennurum. Það er nær samdóma álit að breytingin hafi gengið vel. Nýtt fyrirkomulag er ekki talið hamla þjónustu við fatlaða einstaklinga á nokkurn hátt. En þegar hafist var handa við skipulagsbreytingar kom það sjónarmið fram að tengsl fastráðinna starfsmanna væru nemendum svo verðmæt að það myndi hafa áhrif á þá ef þeir misstu þessa festu. Reynslan hefur hins vegar sýnt að það virðist ekki saka að fleiri kennarar sjái um námskeiðin það hefur fremur opnað á fleiri víddir.

Megin ávinningur Fjölmenntar í samstarfi við SÍMEY er „að fella það sértæka inn í það almenna,“ að einstaklingar með fötlun verði ekki sér á báti. Einstaka notendur þjónustu Fjölmenntar hafa sótt námskeið SÍMEY, en ekki í miklum mæli enn sem komið er. Taka þarf til frekari athugunar að mun meira er um það að fólk með greindarskerðingu sæki námskeið en fólk með geðröskun. Æskilegt væri að skoða afstöðu síðar nefnda hópsins til námsins og hugmyndir þeirra um símenntun. Einnig heyrðust raddir þess efnis að ungt fólk sem hefur verið í skóla án aðgreiningar og vanist aðlögun í samfélaginu vill ekki fara í sérúrræði. Ungt fólk með fötlun og fólk með geðfötlun eru markhópar sem opna þarf leið til símenntunar.

Aðlögun, jákvæðni og sveigjanleiki eru þættir sem mikið reynir á í breytingarferli. Fjölmennt hefur auðnast að takast á við breytingarnar og viðhorfin eru jákvæð til enn frekari þróunar.

Akkur notenda

Það er álit viðmælenda úr hópum foreldra, kennara, notenda og stjórnenda að breytingarnar hafi haft í för með sér ávinning fyrir notendur. Þar má nefna aukið áræði, sjálfstæði og ábyrgð auk þess sem aukin fjölbreytni býður upp á víðtækari þekkingu og færni. Hjá notendum eru heilmiklar þælingar í gangi við val námskeiða og þeir hafa verið viljugir að prófa nýjungar. Ætla má að ákveðinn sveigjanleiki hafi hjálpað til þ.e. að *prófa og sjá til*. Sumir hafa gert hluti sem enginn trúði að þeir myndu geta, tölvunámskeið eru nefnd sem dæmi um það. Í ákveðnum tilvikum hefur breytingin gefið tækifæri til þess að notendur hafa tekið meiri ábyrgð á eigin lífi. Það að námskeiðin eru á ólíkum tímum dags og ekki skipulögð í beinu framhaldi af vinnu varð til þess að sumir einstaklingar sem áður fengu ákveðna þjónustu upp í hendurnar passa nú sjálfir upp á tímasetningar námskeiðanna og koma sér á milli staða t.d. með því að nýta strætó. Fjölbreytnin eykur á lífsgæði notenda.

Raddir neytenda og aðstandenda þeirra

Hér er notendum þjónustu Fjölmenntar gefið orðið: Breytingar á formi Fjölmenntar eru í lagi. Það eru ný námskeið eða breytt námskeið s.s. tónlist, dans, leiklist og skartgripagerð. Námskeiðin eru styttri, það er mjög gott, það tekur við nýtt námskeið á eftir. Tímarnir hafa breyst, fleiri námskeið seinnipartinn en þetta eru góðar breytingar því við erum flest að vinna t.d. fram að hádegi. Nokkrir nýir koma á námskeiðin og ekki allir fatlaðir. Það var æðislegt að fá nýja kennara, kynnast nýju fólki og læra af því. Já það er dýrt að fara á námskeið en það er allt í lagi, við fáum styrk og við borgum líka sjálf. Við söknum gömlu kennaranna og ef við mættum breyta einhverju þá myndum við vilja heitan pott. Það væri gaman að fá ný námskeið t.d. bókmenntir, íslensku, stærðfræði, ensku og svoleiðis. Guðrún (deildarstjóri) er æðisleg.

Foreldrum finnst námskeiðsformið gefa góða raun. Námskeiðsúrval hefur aukist og fjölbreytnin er mikil, allir ættu að geta fundið námstilboð við hæfi. Námskeiðin eru stutt en þegar einu lýkur þá tekur annað við. Ungu fólkið hefur í sumum tilvikum sýnt meira sjálfstæði og tekið meiri ábyrgð eftir breytingu. Blöndun ætti að geta gengið upp í einhverjum tilvikum. Allir foreldrar lýsa yfir ánægju með deildarstjóra sem leysir vel úr málum sem leitað er með til hennar.

Samfélagsaðlögun

Markmið með þjónustu Fjölmenntar er að notendur upplifi lífsgæði, öðlist aukna persónulega færni og fái stuðning til enn frekari samfélagsþátttöku. Leiðir til þess að styrkja frekari blöndun varða m.a. skipulag og inntak námskeiða. Leggja þarf áherslu á almenna fræðslu, aukið starfsnám, fjölbreyttari námskeið tengd daglegu lífi og tómstundanám. Starfsemi Fjölmenntar þyrfti ekki nauðsynlega að binda skólaárinu. Á sumrin mætti hugsa sér námskeið sem varða útivist, ræktun og sitthvað fleira ef hagur þætti af því. Aukin samvinna Fjölmenntar og SÍMEY og enn frekari útrás á símenntunarmarkað opnar á nýja möguleika til handa fötluðu fólki. Hafa þarf í huga að aukin samfélagsþátttaka fatlaðra hefur áhrif á viðhorfamótun í samfélaginu. Símenntunarstofnanir geta verið miklir áhrifavaldar í þessu samhengi.

Ráðgjafarhlutverk

Á heimasíðu Fjölmenntar kemur fram að deildarstjóri, sviðsstjórar og verkefnastjórar veiti upplýsingar og ráðgjöf um val á námskeiðum ef óskað er. Fjölmennt á Akureyri veitir slíka

upplýsingagjöf eftir þörfum. Almennt telja viðmælendur námskeiðslýsingar skýrar þannig að ekki sé veruleg þörf á slíkri ráðgjöf, í hópi forráðamanna kemur það fram að þau þekki sitt fólk. Fjölmennt hefur ekki samráðsvettvang fyrir kennara enda ekki gert ráð fyrir því í verktakasamningi. Bæði framkvæmdastjóri Fjölmenntar og kennarar telja sig muni hafa gagn af slíkum vettvangi sem gætu að forminu til verið fræðslufundir, hefðbundnir kennarafundir og aðgengi að kennsluráðgjafa sem t.d. kynnti leiðir til þess að gera kennsluna myndrænni.

Það liggur fyrir Fjölmennt að aðlaga störf að nýjum þjónustusamningi þar sem gert er ráð fyrir auknu og víðtækara ráðgjafahlutverki á landsvísu. Út úr drögunum má lesa viðhorf til aukinnar samfélagsaðlögunar gagnvart fólk með fatlanir.

Ætla má að SÍMEY/Fjölmennt geti leitað á fleiri mið hvað varðar samstarf um víðtækari námstilboð fyrir fatlað fólk . Á Akureyri er starfrækt Símenntun HA og á vegum bæjarins er víðtæk starfsemi í Rósenborg s.s. menntasmiðjur kvenna og ungs fólks og handverksmiðstöðin Punkturinn. Í gegnum ráðgjafarhlutverkið og víðtækara samstarfs við símenntunaraðila má hugsanlega samþætta stuðning við þá og fræðslu og ráðgjöf við notendur.

Umræða – samantekt – mat á breytingum

Frá því að úttekt Skólaþróunarsviðs 2008 var gerð hafa breytingar á starfsemi og skipulagi Fjölmenntar sem stofnunar verið talsverðar. Nýr deildarstjóri hefur tekið til starfa og starfsemi Fjölmenntar hefur verið færð frá fyrri skólabrag í átt að hugmyndafræði símenntunarstofnana. Samstarfssamningur var gerður við SÍMEY en í honum er kveðið á um að Fjölmennt og SÍMEY starfi saman að námskeiðahaldi fyrir fólk með fötlun á Eyjafjarðarsvæðinu. Starfsmaður frá Fjölmennt sér um skipulagningu starfseminnar í samstarfi við SÍMEY en SÍMEY sér um fjárhagslega umsýslu námskeiðahaldsins og ræður kennara/leiðbeinendur ásamt starfsmanni Fjölmenntar. Þá var kveðið á um að þróa ráðgjöf og stuðning við kennara sem starfa hjá Fjölmennt. Hagræði af frekari sameiningu stofnananna getur verið fjárhagslegt og faglegt og sameiningin getur vel stuðlað að framgangi stefnu og markmiða Fjölmenntar ef vel er á haldið. Þó þarf að gæta vel hagsmuna einstaklinga sem þurfa á sérhæfðum stuðningi að halda. Eins og er virðist Fjölmennt á mjög jákvæðri braut. Starfsemin nýtur bæði velvildar og virðingar þeirra sem í hlut eiga. Æskilegt er að halda áfram að þróa Fjölmennt innan frá eins og gert er nú undir stjórn deildarstjóra áður en frekari sameining er rædd. Sameiningu þarf að skoða vandlega og yfirvegað með marga þætti í huga.

SÍMEY og Fjölmennt geta þó bæði samnýtt mannauð og aðstöðu enn betur en nú er gert og starfsemi undir sama þaki getur haft margvísleg jákvæð áhrif. Húsnæðislegur aðskilnaður vinnur ekki með stofnununum. Starfslið Fjölmenntar er fámenn og má lítið út af bregða þannig að vandi skapist. Það þyrfti að leysa annað hvort með því að ráða starfsmann til Fjölmenntar eða samnýta starfsfólk stofnananna betur.

Forstöðumenn Fjölmenntar telja að breyting á starfsemi Fjölmenntar sl. ár hafi í för með sér meiri fjölbreytileika í námskeiðstilboðum, á inntaki, fjölda og mismunandi lengd námskeiða sem dreifast yfir hvora önn skólaársins. Þeir telja einnig að nemendur sýni mikinn áhuga á að sækja um ný námskeið og tileinka sér nýja þekkingu og færni á ýmsum sviðum. Fleiri námskeið eru sögð í boði fyrir mikið fatlaða einstaklinga en áður var. Þá hafa nemendur kynnst mörgum nýjum kennurum og líkað það vel.

Námskeiðsframboð Fjölmenntar tekur mið af mjög breiðum hópi notenda. Um 70 einstaklingar sóttu námskeið Fjölmenntar á haust- og vorönn. Námskeiðin eru fjölbreytt en þau má flokka í svið eftir inntaki: Sjálfsstyrking – valdefling, heimilisfræði, íþróttir og sund, leiklist og tónlist, mál og samfélag, mynd- og handlist, tölvur og upplýsingatækni, önnur starfsemi.

Fjöldi þátttakenda er mismunandi í hverjum hópi en algengt er að það sé 3–5 þátttakendur í hópum. Námskeiðin eru 4–12 vikur að lengd en algengast eru 6–8 vikna námskeið. Mikil ánægja var meðal viðmælenda með lengd og tímasetningar námskeiða.

Kynning námskeiða er með venjubundnum hætti innan Fjölmenntar. Námskeiðin eru kynnt á vefsíðu Fjölmenntar, í bæklingum, kynningum á vinnustöðum, skólum og á sambýlum. Ný námskeið eru auglýst í Dagskránni sem dreift er um allt Norðurland. Upplýsinganet Fjölmenntar virðist þétt riðið en gæta þarf þess að upplýsingar berist til allra sem rétt eiga á að nýta sér þjónustu Fjölmenntar.

Aðsókn á námskeiðin er mikil en það er til samræmis við ánægju með námskeiðsframboðið og kennsluna á námskeiðunum. Flestir virðast finna eitthvað áhugavert og við sitt

hæfi. Það eru að nokkru leyti breytt viðhorf frá því úttekt var gerð fyrir um tveimur árum en þá bar á leiða vegna þess að sömu námskeiðin voru í boði ár eftir ár og fátt um nýjabrum. Viðmælendur lýstu ánægju með inntak námskeiðanna en jafnframt fram komu raddir meðal skjólstæðinga um að áhugavert væri að bjóða upp á nokkur fræðilegri námskeið, t.d. bókmenntir, íslensku, ensku og stærðfræði. Ánægja er með kennara á námskeiðum Fjölmenntar. Þá er mikil ánægja með hugmyndir um að bjóða upp á starfsmenntanámskeið, t.d. stuðning við bÍlpróf og önnur námskeið sem auka starfsfærni og sjálfsmýnd fatlaðra.

Námskeiðskostnaður hefur aukist og þrátt fyrir að sumir þátttakenda geti sótt um námskeiðsstyrki hjá sínu verkalýðsfélagi hafa ekki allir möguleika til þess. Brýnt er að fylgjast með efnahagslegri stöðu skjólstæðinganna og gefa sem flestum möguleika á að sækja námskeiðin því samkvæmt viðmælendum eru þau mjög eftirsóknarverð lífsgæði fyrir fatlaða einstaklinga.

Breyting á fyrirkomulagi þar sem fastráðnir kennarar með vinnuramma sem samrýmdist illa símenntunarstofnun losaði Fjölmennt úr ákveðnum fjötrum. Fyrir vikið er þjónusta stofnunarinnar fjölbreytilegri og í mun betra samræmi við stefnu og eigin markmið. Það er nær samdóma álit viðmælenda að breytingin hafi gengið vel. Hún þykir hafa haft ávinning fyrir notendur, aukið áræði þeirra, sjálfstæði og ábyrgð auk þess að veita þeim fjölbreytilegri tækifæri til að nýta hæfileika sína og efla. Notendum gefst tækifæri til að prófa ný námskeið, sjá til hvernig þeim líkar og ef námskeiðin henta ekki þá geta þeir hætt. Deildarstjóri leggur áherslu á að halda öllum dyrum opnum, gefa fólki kost á að prófa sig áfram og velja þannig á upplýstan hátt þau námskeið sem viðkomandi líkar best.

Þrátt fyrir ýmsar grundvallarbreytingar sl. ár í starfsemi Fjölmenntar eru námskeið enn aðeins í boði á „skólatíma“, þ.e. frá því í september og fram í maí. Á sumrin er hugsanlega hægt að bjóða upp á áhugaverð námskeið sem ekki er hægt að bjóða upp á öðrum tímum árs. Einnig má spyrja hvort þörfin á að sækja áhugaverð námskeið hverfi með sólskinsstundunum? Áhugavert væri fyrir Fjölmennt að kanna það hjá markhópi sínum, þátttakendum á námskeiðum, aðstandendum þeirra og kennurum Fjölmenntar hvort æskilegt og mögulegt er að bjóða upp á símenntunarnámskeið allan ársins hring.

Aukin samvinna Símeypjar og Fjölmenntar um námskeiðsframboð getur opnað á nýja möguleika til handa fötluðum og stuðlað að samfélagsaðlögun. Aukin og sýnilegri samfélagsþátttaka fatlaðra hefur áhrif á viðhorfamótun í samfélaginu og stofnanir eins og SÍMEY og Fjölmenntar geta tekið höndum saman um að hafa slík áhrif.

Styrkleikar Fjölmenntar felast m.a. í fjölbreyttu námskeiðsframboði og góðu starfsfólki. Aðlögun, jákvæðni og sveigjanleiki virðast einkenna Fjölmennt. Vel hefur tekist til með breytingar í starfsemi og í samstarfi SÍMEY og Fjölmenntar felast mörg tækifæri til að efla símenntun fyrir breiðan hóp samfélagsins. Ástæða er til að benda sérstaklega á hlut núverandi deildarstjóra, ekki aðeins til að leiða breytingastarfið heldur einnig með því að skapa tengslanet milli þeirra sem að málefnum fatlaðra koma, skoða nýja og áhugaverða möguleika á að bæta þjónustuna, laga námstækifæri að þörfum einstaklinga og leysa álitamál í samvinnu við hlutaðeigandi. Þetta er samdóma álit viðmælenda í úttektinni.

Meginveikleikar Fjölmenntar felast í húsnaði sem hentar ekki nægilega vel starfsemi auk þess sem samstarf SÍMEY og Fjölmenntar kallar á sameiginlega aðstöðu. Kostur þess væri ekki eingöngu stjórnunarlegs eðlis heldur leið til að stuðla að frekari samfélagsaðlögun.

Kennarar sakna umræðuvettvangs og Fjölmennt þyrfti að finna leiðir til að auka samstarf kennara og samræðu. Hugsanlega þarf að skilgreina betur hlutverk og stöðu kennara og gera ráð fyrir samstarfi í ráðningarsamningum þeirra.

Talið er að yngra fólkið í markhópi Fjölmenntar telji sig ekki eiga nægilega samleið með Fjölmennt. Verið getur að námskeiðstilboðin hugnist þeim ekki nægilega vel en skýringin getur einnig falist í því að ungt fólk hefur vanist samfélagsaðlögun og telur þar með skref afturábak að sækja í félagsskap sem eingöngu er ætlaður fólki með fötlun. Ein leið til að mæta því er aukið samstarf, jafnvel sameining símenntunarstofnana. Þar með væri hægt að bjóða upp á námskeið með stuðningi, námskeið sem geta hentað öllum án tillits til fötlunar. Rétt er að vekja athygli á öðrum hópi sem ekki sækir um námskeið Fjölmenntar í sama mæli og meginþorrinn en það er fólk með geðræna fötlun. Ástæðurnar geta verið af sama meiddi og hjá unga fólkinu, það vill ekki tilheyra sérstökum hópi eða það vill frekar aðlagast hópi ófatlaðra en fólks með þroskaskerðingu. Rétt er að hafa í huga að fleiri en Fjölmennt bjóða upp á nám eða afþreyingu sem fólk með fötlun getur sótt, svo sem Rósenborg og Punkturinn. Ætla má að SÍMEY/Fjölmennt geti leitað á fleiri mið hvað varðar samstarf um víðtækari námstilboð fyrir fatlað fólk. Í gegnum ráðgjafarhlutverkið og víðtækara samstarf við símenntunaraðila má hugsanlega samþætta fræðslu og stuðning við þá aðila sem veita fötludum þjónustu

Framtíðarsýn

Að framangreindu er ljóst að vel hefur tekist til með breytingar á fyrirkomulagi þjónustu Fjölmenntar frá úttekt Skólaþróunarsviðs árið 2008. Greint hefur verið frá fjölda jákvæðra þátta í breytingarferlinu en jafnframt bent á annað sem huga þarf betur að. Ætla má að Fjölmennt uppfylli vel þarfir neytendahópsins til símenntunar en þó er æskilegt að skoða enn frekar þarfir fólks með geðröskun og þarfir ungs fólks með þroskahömlun. Þegar horft er til hugmyndafræði skólayfirvalda um grunnstoðir náms; þekking, færni, að lifa í sátt og samlyndi og að verða betri maður, má ætla að færnimarkmið fái mest vægi sem eðlilegt er. Notendur kalla þó einnig eftir námstilboðum til að efla þekkingu. Nám sem tengist lífsleikni og almennum þroska má vænta að eflist í takt við annað nám, en ætla má að það tengist m.a. innri uppbyggingu námskeiða, kennsluháttum, viðmóti kennara, viðhorfum þeirra og væntingum til markhópsins. Tillögur matshópsins snúa að eftirfarandi:

- Að Fjölmennt haldi áfram því þróunarferli sem hafið er með svo jákvæðum hætti.
- Að enn frekari áhersla verði lögð á námstilboð án aðgreiningar. Leitast verði við að auka samstarf við símenntunaraðila og vinnustaði.
- Að námstilboð feli í sér aukna samfélagsþátttöku notenda.
- Að inntak námskeiða feli í sér fjölbreytilega möguleika sem leiða til aukinnar þekkingar, færni, lífsleikni og mannlegs þroska.
- Að hugað verði að frekari þróun stofnananna tveggja undir einu þaki.
- Að nýta sóknartækifæri sem felast í auknu og víðtækara ráðgjafarhlutverki (sbr. drög að nýjum þjónustusamningi).

Framangreind atriði renna stöðum undir víðtækari samfélagsþátttöku fólks með fatlanir.

Heimildaskrá

- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009). *Samningur um réttindi fólks með fötlun*. Sótt 26. apríl 2010 af: http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Samningur_fatladra.pdf
- Fjölmennt. (e.d.a). Stefnuskrá. Sótt 26. apríl 2010 af: <http://www.fjolmennt.is/um-fjolmennt/starfsemi/stefnuskra/>
- Fjölmennt. (e.d.b). *Skipulagsskrá*. Sótt 27. apríl 2010 af: <http://www.fjolmennt.is/um-fjolmennt/starfsemi/skipulagsskra/>.
- Fjölmennt. (e.d.c). *Um Fjölmennt*. Sótt 27. apríl 2010 af: <http://www.fjolmennt.is/um-fjolmennt/>.
- Fjölmennt Akureyri. (e.d.). *Starfið á staðnum*. Sótt 27. apríl 2010 af: <http://www.fjolmennt.is/akureyri/starfid-a-stadnum/>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.). *Um FA*. Sótt 24. apríl 2010 af: <http://www.frae.is/um-fa/>.
- Katrín Jakobsdóttir. (2009). *Ávarp menntamálaráðherra*. Flutt á ráðstefnunni Mótun stefnu um nám alla ævi. Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi. Haldin í Reykjavík 26. febrúar 2009.
- Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.
- Menntamálaráðuneytið. (e.d.). *Fullorðinsfræðsla*. Sótt 26. apríl 2010 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/mentamal/fullordinsfraedsla/>.
- Menntamálaráðuneytið. (1998). *Símenntun afl á nýrri öld*. Sótt 26. apríl 2010 af: <http://bella.stjr.is/utgafur/simennt.pdf>.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). *Menntun í mótun. Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (2010). *Mótun stefnu um nám alla ævi. Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi*. Reykjavík: Höfundur.
- Starfsafl. (e.d.). *Um starfsafl*. Sótt 26. apríl 2010 af: http://www.starfsafl.is/um_starfsafl/.
- Trausti Þorsteinsson og Guðmundur Engilbertsson. (2008). *Fjölmennt á Akureyri, Úttekt*. Akureyri: Skólaþróunarvið kennaradeildar HA.
- UNESCO (1996). Nám: Nýting innri auðlinda. Þýðing á 4. og 8. kafla í skýrslu til UNESCO frá alþjóðlegri nefnd um menntun á 21. öldinni. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- UNESCO. (1996). *Learning: The treasure within*. Report to UNESCO of the International Commission on Education for the Twenty-first Century. Sótt 25. apríl 2010 af: http://www.unesco.org/delors/delors_e.pdf
- Þjónustusamningur. (2009). Þjónustusamningur milli menntamálaráðuneytis, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins dags. 26. október, 2009. Sótt 28. apríl 2010 af: <http://www.frae.is/um-fa/thjonustusamningar/>.
- Þjónustusamningur. (8. mars, 2010). *Drög að samningi milli Fjölmenntar og menntamálaráðuneytis ásamt fylgiskjölum*.